

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

#### Tillaga

Flokkur fólksins óskar eftir að farið verði betur í saumana á breytingum á deiliskipulagi við Arnarbakka og að athugasemdir sem berast í gáttina verði fyrir alvöru skoðaðar. Flokkur fólksins hefur heyrt áhyggjuraddir fólks í Breiðholti sem lúta að þessum breytingum við Arnarbakka (þar sem Breiðholtskjör var áður). Ópið er fyrir athugasemdir í samráðsgátt til 19. júlí. <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/711>

#### Greinargerð

Áhyggjur lúta að því hvort þétting byggðar sé hér of mikil ef horft er til aðgengismála. Einnig að gengið sé of freklega á græn svæði. Kvíði er einnig meðal fólks um rask á framkvæmdartíma. Þær gagnrýnisraddir heyrast að Breiðholt þurfi ekki fleiri blokkir. Af hverju er ekki tækifærið nýtt hér sem dæmi til þess að byggja skemmtilegar íbúðir og verslun? Áhyggjur eru af skuggavarpum ef byggð er blokk austan við sparkvöll Breiðholtsskóla og þar verði gengið of mikið á grænt svæði. Fjarlægja á um það bil 75 bílastæði sem fólki finnst ekkert vit í þar sem almenningsamgöngur eru ekki að nýtast sem skyldi í úthverfum. Fólki verður að fá frið til að velja að nota sinn einkabíl án þess að vera úthýst með hann úr bráðum öllum hverfum borgarinnar. Hér er verið að byggja blokkaríbúðir of háar án aðstöðu fyrir bílastæði í einu ódýrasta hverfi Reykjavíkur ásamt verslun með aðkomu eingöngu fyrir gangandi. Ljóst má telja að aðgerðir af þessu tagi gera fátt annað en að auka misskiptingu milli hverfa í Reykjavík?